



Bréfa- og málasafn 1967

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Bréf – Gylfi Þ. Gíslason – Birgir Thorlasius – Jóhannes Nordal – Páll Kolka – Richard Beck – Yvonne Rouleau – V. H. Vilhjálmsson – Norska stórþingið – ALCAN – Árdal – Sunndal Verk – Úrklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-34, Örk

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. H. Vilhjálmsson

IMPORTER — WHOLESALER

TELEGRAMS: HJÁLMUR REYKJAVÍK
P.O. BOX 1031
11B BERGSTAÐASTRÆTI
TELEPHONES: 16160 - 18418
BANKERS:
ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS
VERZLUNARBANKI ÍSLANDS LTD.

Your ref.

Our ref. VHV/PS

Hr. forsætisráðherra
dr. Bjarni Benediktsson
Reykjavík

REYKJAVÍK, 18. des. 1967.
ICELAND

Ég vil leyfa mér að þakka yður fyrir þá greinargóðu
ræðu, sem þér fluttuð í Þjóðleikhúskjallaranum föstudaginn
15. desember s.l., og sætti ég mig nú betur við að axla minn
hluta gengistapsins, eftir því sem burðarþolið leyfir.

Hins vegar fannst mér lítið koma fram, hvaða ráð-
stafanir yrði gerðar í framtíðinni til að forðast, að þetta
endurtaki sig með svo snöggum hætti, sem nú varð. Þar sem hér
eru starfandi ótal tryggingarsjóðir, og nú síðast verðjöfnunar-
sjóður, sem á að stofna og varið skal til ýmissa þarfa sjávar-
útvegsins, væri þá ekki rétt að stofnsetja einn, er hét gengis-
breytingarsjóður, er tryggi það, að bankar þeir, sem lofa lands-
mönnum að samþykkja víxla í erlendum gjaldeyri, geti innan hæfi-
legs tíma lofað að greiða slíka víxla á því sama gengi, sem
gjaldeyririnn var skráður á. Æskilegt væri, ef ríkið sæi sér
fært að leggja fram stofnfé í slíkan sjóð, en ef sú leið væri
útilokuð, kæmi til álita, hvort ekki væri hægt að hækka yfir-
færslugjald það, sem nú er í lögum, 0,5%, í 0.75% eða jafnvel
upp í 1%, og nota upphæð þá, sem þá myndaðist, í nefndan sjóð.
Mörg erlend fyrirtæki vilja gjarnan lána vörur sínar í stuttan
tíma til að greiða fyrir viðskiptum, án þess að reikna aukavexti,
og verður það að teljast all-slæmir viðskiptahættir fyrir þjóðar-
búið og lítil hagsýni, ef ekki er hægt að nota sér slíkt hættu-
lítið í landi, þar sem jafnvont er að fá rekstrarfé, eins og hér
er.

Annað atriði langar mig og til að minnst á, sem þarna
kom fram, en það er tillaga, sem Gunnar Ásgeirsson flutti um það,
að athugað yrði dreifingarkostnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar-
innar ríkisins, og var ég alveg sérstaklega ánægður yfir að heyra,
hvernig þér tókuð í það mál. Mér er persónulega kunnugt um, að
þetta mál er lengi búið að vera á döfunni, því þann 14. apríl 1961
skrifaði ég smá greinarkorn um þetta atriði í "Vísir", og einnig
í Morgunblaðið 15. apríl s.á., þar sem ég benti á ákveðnar leiðir,

V. H. Vilhjálmsson

IMPORTER — WHOLESALER

TELEGRAMS: HJÁLMUR REYKJAVÍK

P.O. BOX 1031

11B BERGSTADASTRÆTI

TELEPHONES: 16160 - 18418

BANKERS:

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS LTD.

Your ref.

Our ref.

bls. 2.

REYKJAVÍK, 18.12.1967.


ICELAND

hvernig hægt væri að spara mikið í rekstri tóbakseinkasölnunnar, sem þá stóð til að sameina áfengisverzluninni, þó þannig að ekki minnkaði þjónustan við hinn almenna borgara.

Þann 31. janúar 1962 hélt ég erindi um þetta mál á Varðarfundum í Sjálfstæðishúsinu og benti þar alveg sérstaklega á skýrslu þá, sem Svavar Pálsson, lögg. endurskoðandi í Reykjavík samdi á sínum tíma um rekstur tóbakseinkasölnunnar og birtist í Morgunblaðinu þann 19.2.1957, en það er raunverulega það eina, sem mér vitanlega hefur komið fram opinberlega um reksturinn. Af hálfu þingflokks Sjálfstæðisflokksins var þess óskað, að erindinu loknu, að það yrði sent þingflokki til athugunar ásamt fleiri erindum, sem flutt voru á þessum fundi, og er mér kunnugt um, að það var gert af framkvæmdastjóra Félags ísl. stórkaupmanna, hr. Hafsteini Sigurðssyni. Á meðan ég átti sæti í stjórn félagsins, man ég að mál þetta var iðulega á dagskrá, og mér er tjáð, að núverandi stjórn hafi gert ítrekaðar tilraunir til að fá málinu þokað áleiðis. Ég hef og frétt, að verðlagsstjóra hafi verið bent á það nú í umræðunum, sem áttu sér stað nýlega um verðlagsmálin, að kynna sér hvað dreifingarkostnaður ýmissa ríkisfyrirtækja væri, og taka tillit til þess, er hann væri að ákveða álagningu hjá einkafyrirtækjum, en að hann hafi lítið viljað á það hlusta.

Nú er mikið talað um sparnað á öllum sviðum, og er það vel. Það hlytur því að vera kröfu neytandans til valdhafa landsins, að þegar ríkið setur á stofn þjónustufyrirtæki til þess að dreifa einhverri vörutegund til landsmanna, að þá sé opinberum stofnunum ekki leyft að rýra tekjur ríkissjóðs með því að taka meira fyrir þá þjónustu heldur en einkafyrirtækjum er leyft að gera, og get ég ekki skilið, með hvaða rökum samstarfsflokkur Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn geti mótmælt því, að slík athugun sem þessi fari fram.

Með vinsemi og virðingu,



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

F.

18. desember 1967.

Til forsætisráðherra

Frá Jóhannesi Nordal

Efni: Verðhækkun á raforku frá Landsvirkjun.

Í framhaldi af samtali laugardaginn 16. þ. m. um ástæður fyrir hækkun á raforkuverði Landsvirkjunar vil ég benda á eftirfarandi til frekari skýringar:

- 1) Gengisbreytingin hefur mikil áhrif á útgjöld Landsvirkjunar, einkum vegna þess, hve mikill hluti þeirra eru vextir og afborganir af erlendum lánum. Þannig er bein hækkun útgjalda á árinu 1968 áætluð 23,4 millj. kr., en til þess að mæta því þarf um 18% hækkun raforkuverðs. Hins vegar bætist tvennt við þetta, hækkun útgjalda nú á þessu ári, sem nemur 4,0 millj. kr., og að um 8% hækkunar taxta á næsta ári innheimtist ekki fyrr en á árinu 1969. Til þess að hafa óbreytta greiðslustöðu og til að geta lagt áætlað fé til nýframkvæmda við Búrfell á næsta ári, þyrfti raforkuverð að hækka um 21-22%.
- 2) Samkvæmt samningum við Alþjóðabankann ber Landsvirkjun að skila ákveðnum lágmarkshagnaði af eignum sínum, og skulu eignirnar endurmetnar vegna gengisbreytinga eða annarra meiri háttar verðlagsbreytinga. Til þess að standa við þessi samningsákvæði þarf a. m. k. 16-18% hækkun á raforkuverði nú umfram það, sem áður var ákveðið.
- 3) Frestur á þessari verðhækkun hjá Landsvirkjun t. d. fram í byrjun apríl n. k. mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér, að hækka þyrfti verðið um það bil 25% meira en nú er nauðsynlegt, þar sem ekki kemur annað til greina en að Landsvirkjun standi á árinu 1968 í heild við samninga sína við Alþjóðabankann um arðgjöf. Einnig yrði nauðsynlegt að vinna upp tekjutapið, sem frestun hefði í för með sér, þar sem áætlanir um fjárframlög Landsvirkjunar til virkjunarframkvæmda við Búrfell mundu ekki standast að öðrum kosti. Það hefur verið stefna Landsvirkjunar að breyta verði eingöngu um áramót. Verður því reynt að halda því verði, sem nú er ákveðið, óbreyttu allt árið 1968, þótt frekari hækkanir framleiðslukostnaðar kynnu að verða á því ári, og hefur Alþjóðabankanum verið skýrt frá þeirri afstöðu, og mun

hann væntanlega samþykkja hana. Frestun á verðhækkun fram í apríl felur í sér áhættu um, að þá verði nauðsynlegt að taka einhverjar fleiri kostnaðarhækkanir til greina en nú liggja fyrir.

4) Samkvæmt lögum skal stjórn Landsvirkjunar ákveða verð á raforku að fengnu álit Efnahagsstofnunarinnar. Hefur hún skilað því álit og talið 16-18% verðhækkun nauðsynlega vegna gengisbreytingarinnar. Einnig er rétt að upplýsa, að útlit er fyrir, að þessi verðhækkun yrði samþykkt einróma í stjórn Landsvirkjunar, þ. á. m. af fulltrúum Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins.

5) Heildsöluverð Landsvirkjunar á raforkuverði er um 33-40% af söluverði til neytenda í Reykjavík. Mundi því 18% hækkun heildsöluverðs valda 6-7% hækkun almenns rafmagnsverðs. Samkvæmt nýju vísitölunni vegur rafmagnsverð nokkru minna í vísitölunni en áður, og mundi þessi hækkun því aðeins valda 0,08-0,09 stiga hækkun nýju vísitölnunnar, þ. e. a. s. minna en einum tíunda úr stigi.

Af öllu þessu samanlögðu tel ég frestun þessarar verðhækkunar varla færa leið, þar sem hún mundi geta skapað mikil vandamál síðar, þegar gengislækkunin væri löngu um garð gengin og erfiðara að réttlæta hækkanir hennar vegna.

Afrit send: raforkumálaráðherra og
viðskiptamálaráðherra.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 10. maí 1966.

KH/lió

4
(Ókast tilgreint í svari.)

Db.: B-24, S-6, 27.

Ráðuneytið samþykkir hér með, að salur til íþróttahúskana í íþróttahúsi, sem fyrirhugað er að byggja yfir sundlaug Eskifjarðar, verði 14 1/2 x 25 1/2 m að stærð, enda verði teikning og kostnaðaráætlun send ráðuneytinu til staðfestingar.

Dátttaka ríkissjóðs í kostnaðinum miðist við væntanlegar reglur um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, en löggjöf um þetta efni hefur verið í endurskoðun.

Það skal tekið fram, að ríkissjóður mun ekki taka þátt í stofnkostnaði sundlaugarmannvirkja, þeirra, sem þegar hafa verið byggð á staðnum.

Bjarni Benediktsson

Bjarni Benediktsson

Hreppsnefnd Eskifjarðar,
Eskifirði.

Saup. sam leg.

Eftirtalin sveitarfélög í austur - Skaftafellssýslu, hafa ákveðið að standa sameiginlega að byggingu og rekstri framhaldsskóla að Sunnuhvoli í Nesjum.

Sundur oddvita þeirra haldinn að Sunnuhvoli 15. nóvember 1967 leyfir sér að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að fjárframlög til byggingar húsnæðis, sem fullnægi kennslu unglingsstigs verði tekið inn á framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir ár 1968, skv. lögum nr. 49/1967.

Uppdrættir hafa verið gerðir og sundurliðaðar kostnaðaráætlanir.

Kostnaðaráætlanir eru í júlí 1967 samtals 48,186.000., þar af vegna unglingskóla 19.723.000.00, sem við hér með óskum eftir, að talinn verði l. áfangi heildarbyggingar og tekinn verði inn á framkvæmdaáætlun fyrir ár 1968 samkvæmt ofanskráðu.

Tekið skal fram að í umræddum hreppum er engin aðstaða til þess að fullnægja lögboðinni fræðsluskyldu.

Við leyfum okkur að vanta þess að tekið verði tillit til ofangreindra staðreynda og sú samstaða verði metin, sem hér hefur náðst milli hreppa.

Sunnuhvoli, 15. nóvember 1967

Oddur Jónsson

Hofshreppur.

Sigurjón Þórnason

Myrahreppur.

Ragnar Sigfússon

Borgarhafnarhreppur.

Leifur Guðmundsson

Nesjahreppur.

Egill Benediktsson

Bejarhreppur.

Til menntamálaráðuneytisins Reykjavík.

Reykjavík 14. júní 1967

Kæri forsætisráðherra:

Um leið og óska þér til hamingju með úrslit kosninganna, sendi eg þér innlagt erindi, sem varð til hjá mér daginn eftir þar. Eg ætlaði að senda Mbl. það, en er orðinn svo friðsamur, að eg er ekki alveg viss um, að rétt sé að storka andstæðingum, sem liggur í safum. Að vísu á Framsókn það margfaldlega skilið og hefur þú leyfi mitt til að láta það birtast, ef þér sýnist svo.

Kosningarnar sýna, að Framsókn býr með hverrandi fylgi í heim kjördæmum, sem hafa lengsta og mesta reynslu af þeirri skoðabakúgun og hlutdrægni, er hún beitir gegnum kaupfélögin. Menn kvarta um okurverð hjá heim, t.d. á Blönduósi, og finna orðað til þess, að þau eiga bággt með að standa í skilum við viðskiptamennina. Eg held það hyggilegt að leggja nú áherzlu á það, hve dýr ómagi á samvinnuhreyfingunni Framsókn er orðin -- að viðskiptamennirnir eru skattlagðir gegnum samvinnufélögin til að halda uppi blöðum hennar og flokksstarfsemi. Réttlætistilfinningin er dafin, en þyngjan er tilfinninganám. Auk þessa eru neytendur skattlagðir af Framsókn, því að svo aðsegja hver mjólkursopi og ketbiti fer í gegnum hennar hendur. Væri ekki hyggilegt að ~~ik~~ taka til athugunar þá tillögu Hannibals, að dreifing þessara afurða verði sameiginlega í höndum seljenda og neytenda, eða a.m.k. verði komið á sterkara eftirliti með starfi einokunarhringa Framsóknar. Væri ekki hyggilegt að úrskurða lista Hannibals sem Altbl.-lista -- ef það er juridískt forsvaranlegt? Hann yrði þeim háskalegri á Alþingi sem flokksmaður en utan flokka.


Eg þarf varla að kenna þér ráð og bið þig afsökunar á því. Þó verð eg að segja það afdráttarlaust, að mér finnst Framsókn hafi alltaf verið sýnd of mikil linkind, þegar hún hefur verið í minni hluta, en hvað bíður síns tíma, og nú ætti tíminn að vera kominn, þegar hún getur varla vænt mik-

illar meðaumkvunar né samstöðu samvinnuhreyfingarinnar gegn því að völd
Framsóknar yfir henni verði brotin á bak aftur. Félögin eru í fjárhagslegri
úlfakreppu og skilyrði fyrir stuðningi við hana ætti að vera framsal óhappa-
mannanna.

Præterea censeo Framsókn esse delendam.

Með virðingum og vinarþeli

Þinn

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'P. Pálsson', written in a cursive style.

28 Marlborough Street
Victoria, B.C., Canada

6. nóvember 1967

Herra forsætisráðherra dr. jur. Bjarni Benediktsson,
Stjórnarráðið,
Reykjavík.

Góði vinur:


Þar sem þú og ríkisstjórn Íslands koma þar beint og óbeint við sögu, og Morgunblaðið sérstaklega, sendi ég þér hjálagða úrklippu af grein eftir mig, sem skýrir sig sjálf. Hún er þáttur í þeirri viðleitni minni að halda vakandi hjá Íslendingum vestan hafs áhuga og ást á menningarerfðum vorum.

Eins og þér er kunnugt, hefi ég nú látið af störfum sem háskólakennari í Grand Forks, og fluttum ^{við} hjónin í sumar hingað til Victoria, B.C., Canada, fæðingarborgar Margrétar konu minnar, og fer hér vel um okkur. Við fluttum nýlega inn á framfýarheimili okkar að 28 Marlborough Street, á fögrum stað hér í borginni með útsýn til hafs og fjalla, og það vel við Íslendinginn. Hér er einnig nokkur hópur Íslendinga og íslenzkt kvenfélag starfandi, sem við Karlmennirnir styðjum auðvitað einnig í starfi.

Ég gríp tækifærið til þess að þakka þér og ykkur, sem þar eigið hlut að máli, fyrir að senda mér Morgunblaðið, sem ég fæ með góðum skilum. Heilsaðu kærlega þeim ritstjórunum og vinum mínum, Sigurði og Matthíasi, og einnig Árna Óla, öðrum góðvini.

Með innilegsutu kveðjum til ykkar frú Sigríðar frá konu minni og mér og þökkum fyrir alla vinsemd.

Þinn einlægur,



The University of North Dakota

GRAND FORKS 58201 North Dakota, U.S.A.

DEPARTMENT OF MODERN and CLASSICAL LANGUAGES

16. júní 1967


Herra forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson og frú
Reykjavík.

Kæru hjón:

Innilegar þakkir fyrir hlýja símkveðju ykkar á
sjötugsafmæli mínu, er átti sinn mikla þátt í því að gera
mér daginn ógleymanlegan.

Með alúðarkveðju frá konu minni og mér og þökkum
fyrir mikla vinsemd ykkar.

Ykkar einlægur,



Lögberg-Heimskringla

Published every Thursday by
NORTH AMERICAN PUBLISHING CO. LTD.

Printed by
WALLINGFORD PRESS LTD.
303 Kennedy Street, Winnipeg 2, Man.

Editor: INGIBJÖRG JÓNSSON

President, Grettir Eggertson; Vice-President, S. Aleck Thorarinson; Secretary,
Dr. L. Sigurdson; Treasurer, K. Wilhelm Johannson.

EDITORIAL BOARD

Winnipeg: Prof. Haraldur Bessason, chairman; Dr. P. H. T. Thorklakson, Dr. Valdimar J. Eylands, Caroline Gunnarsson, Dr. Thorvaldur Johnson, Rev. Phillip M. Petursson. Vancouver: Gudlaug Johannesson, Bogi Bjarnason. Minneapolis: Hon. Valdimar Bjarnson. Victoria, B.C.: Dr. Richard Beck. Iceland: Birgir Thorklaug, Steindor Steindorsson, Rev. Robert Jack.

Subscription \$6.00 per year — payable in advance.

TELEPHONE 943-9931

Authorized as second class mail by the Post Office Department, Ottawa,
and for payment of Postage in cash.

Dr. RICHARD BECK:

Haraldur ríkisarfi og Hávamál

Eins og kunnugt er, kom Haraldur Ólafsson, ríkisarfi Noregs, í heimsókn til Íslands í ágústmánuði í sumar. Var honum, sem vænta mátti, ágætlega fagnað, og þótti hinn mestj áfúsgestur. En fyrir nokkrum árum, fór herra Ásgeir Ásgeisson, Forseti Íslands, í opinbera heimsókn til Noregs, og átti þar jafn ágætum viðtökum og sambærilegum hlýhug að fagna. Eiga slíkar gagnkvæmar heimsóknir sinn drjúga þátt í því að treysta ættar- og menningarböndin, sem tengja Norðmenn og Íslendinga.

Stuttu áður en Haraldur krónprins kom til Íslands, flutti **Morgunblaðið** (25. júní) ítarlega og ágæta grein um hann, „Haraldur ríkisarfi Noregs“, eftir Skúla Skúlason ritstjóra, en hann hefir lengi verið búsettur í Noregi, enda kvæntur norskri konu, og er gagnkunnugur sögu Norðmanna, menningu þeirra og þjóðlífi. Í greinarlok farast Skúla þannig orð:

„**Morgunblaðið** bað mig um að koma þeim spurningum á framfæri við Harald ríkisarfa, hvort hann hlakkaði til Íslandsferðarinnar í sumar, og hversvegna. Svar hans var á þessa leið:

Hann hlakkar til Íslandsferðarinnar margra hluta vegna, en kannske fyrst og fremst vegna hins nána sambands beggja þjóðanna, hinna sögulegu tengsla og hinna gildu þráða sem kynslóð eftir kynslóð hafa haldið við tengslunum milli frændþjóðanna. Haraldur ríkisarfi vonar, að heimsókn hans í ágúst verði til þess að styrkja þau tengsl.

En viðvíkjandi spurningunni um, hvað mest aðdráttarafi Íslands sé á ríkisarfang, svarar hann hiklaust:

Heimskringla — Noregskonungasögur Snorra Sturlusonar, og svo í viðbót sú merkilega lífspeki, sem hægt er að læra af Hávamálum.

Ekki var þess heldur lengi að biða eftir að Haraldur ríkisarfi steig fæti á íslenska grund, að hann sýndi það í verki, hve hugstæðar honum eru Noregskonungasögur og Hávamál.

Í fagnaðarveizlu þeirri, sem Forseti Íslands hélt honum að Bessastöðum, svaraði hinn norskj ríkisarfi hjartaheitu og faguryrtu ávarpi forsetans með prýðilegri og innilegri ræðu. Mælti hann, að sjálfsögðu á norsku, en hér er fylgt íslenska texta ræðunnar í **Morgunblaðinu**: vitanlega var hún einnig birt í hinum Reykjavíkurbloðunum. Hóf ríkisarfi mál sitt á þessa leið:

„Við þessa fyrstu heimsókn mína til Íslands, hafa mér dottið í hug þessar fallegu línur um vináttuna úr Hávamálum:

„Har du en venn som du tror vel
far da og finn ham ofte.
... gjenvei gaar til en god venn
selv om han bor langt av lei“.

Hverjum Norðmanni sem veitist sá heiður og sú gleði að heimsækja Ísland stendur ljóslega fyrir sjónum hinn sameiginlegi söguarfur og sameiginlegi menningararfur sem á svo margan hátt tengir Ísland og Noreg. Með þakklæti í huga gerir hann sér ljóst, að þessi arfur hefur verið vel varðveittur og vel haldið uppi, af körlum og konum Íslands, allt frá tíð Ingólfs Arnarsonar.

Fremstur í hópi þessara andans höfðingja, fyrir okkur Norðmönnum, er Snorri Sturluson — skapari konungasagna Noregs — verks sem á mjög afdrifaríkan hátt hefur fóstað þjóðerniskennd okkar. Með því að blása lífi í sögu vora og forfeðraarf, endurfæddist í huga vorum styrkur til þjóðlegs uppvaxtar, einmitt á tímum mótlætis þegar þess var mest þörf“.

Hinar alkunnu ljóðlínur úr Hávamálum, sem Haraldur ríkisarfi vitnaði til í byrjun máls síns, eru þannig á frum-málinu:

„Veiztu, ef þú vin átt,
þann þú vel trúir, ...
fara at finna oft,“

„en til góðs vinar
liggja gagnvegir,
þótt hann sé firr farinn“.

Hávamál hafa margt og spaklegt um vináttuna að segja. Ógleymanleg er mynd sú, sem þar er brugðið upp af furunni, sem stendur ein og skjóllaus á bersvæði, og verður skáldinu táknmynd þess manns, einstæðingsins, sem enginn ann.

Óþarft er hins vegar fyrir mig að fjölyrða um það, hve Hávamál eru auðug að öðrum heilræðum og spekimálum en þeim, sem fjalla um vináttuna, gildi hennar og gagnkvæm áhrif. Enda er það ekki tilgangur minn með þessu greinar-korni að rekja efni kvæðisins, heldur það, um annað fram, að draga athyglina að því meginatriði, að ummæli Haralds ríkisarfa um Hávamál mega vel verða oss Íslendingum áminning um það, hvern fjársjóð sigildra sanninda vér eigum í því viðfræga kvæði, sem jafnframt er höfuðheimild um lífsspeki norrænna forfeðra vorra.

Um uppruna Hávamála og höfund þeirra fer dr. Einar Ólafur Sveinsson, meðal annars, eftirfarandi orðum í hinu mikla merkisriti sínu **Íslenzkar bókmenntir í fornöld** (1962, bls. 305):

„Þess var getið áður, að ýmislegt í kvæðinu benti til norskra menningarhátta; þá mun skáldið hafa þekkt. En ekki er vitað, hvar kvæðið er ort. Hann fór víða; skuluðu forlögin honum að lokum upp að strönd heimalandsins, eða varð hann landsnámsmaður í einhverri nýbyggð, á Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum eða Íslandi, þar sem hann varð að vinna hörðum höndum? Um það er ekki vitað. En fá kvæði eru í því líkari að vera kveðin yfir vöggu íslenzku þjóðarinnar, íslenzkrar menningar, og Íslendingar héldu æ síðan áfram að velta fyrir sér viðfangsefni kvæðisins, mannum og gildi hans.“

Í hinu gagnmerka riti sínu **Íslenzk menning** (1942), sem ávalt mun verða grundvallarverk um það efni, hefir dr. Sigurður Nordal af djúpskyggni og með málsnilld túlkað kjarnann í norræni lífsspeki, eins og hún lýsir sér í Hávamálum, í málsgrein þeirri, sem hér fer á eftir (bls. 199):

„Ætti að rifja upp í sem stytztu máli svipmótið á lífskoðun hetjaldar, verður það varla betur gert en með þessum tveimur vísunum úr Hávamálum:

Eldr er beztr
með ýta sonum
ok sólar sýn,
heilindi sitt
ef maðr hafa náir,
án við löst at lifa.

Deyr fé,
deyja frændr,
deyr sjálfr it sama,
en orðstírr
deyr aldregi
hveim, er sér góðan getr.

Um fyrri vísuna leikur bjarmi þessa lífs, eins og það er farsælast, samstilling heillar sálar við heilan líkama. Í síðari vísunni er hið mikla myrkur í baksýn, dauðinn, sem tekur við öllu, kvikfénaði, ættingjum, hverjum manni sjálfum. Því á vitur maður að eiga sem minnst undir því, sem örlögunum er háð: auði, sem er „valtastur vina“, — frændum, sem hann missir, — eigin langlífi. Honum er engin von veitt um betra líf eftir þetta. Aðeins eitt getur lifað ævinlega eftir hann, góður orðstír. Vísan hefir ef til vill oftast og víðast verið tilfærð af öllu, sem skráð hefur verið á Íslandi, og hún á það skilið, því að hún geymir meginþingjarna fyrirmannlegrar lífsskoðanir úr heiðnum dómi í fáum og einföldum orðum. Þar er ekki brýnt fyrir mönnum, að einn fugl í hendi sé betri en tveir í skógi, heldur að hætta öllu því, sem næst er, fyrir hið fjarlæga og torsóttu. Oss getur fundizt þessi trú á eilífan orðstír fávísleg eða barnaleg. En orðstír var ekki hégómi, þegar hann var ytra merki heils manngildis, mönnum óx brekkumegin við að vinna til hans. Og traustið á honum reyndist ekki heldur tál eitt. Kynslóðir þær, sem voru samtíða höfundum Hávamála, munu seint gleymast, þótt fennt hafi í spor flestra einstaklinga.“

Þessi efnismiklu og athyglisverðu orð hins viðkunna höfuðskörungs í fræðum vorum eru, ein sér, ærin staðfesting þess, hversu ómetanlega uppsprettu fræðslu um hugsunarhátt fornra feðra vorra vér Íslendingar eigum í Hávamálum, og kemur það þó auðvitað enn betur á daginn, lesi menn þau í heild sinni og með þeirri gaumgæfni, sem þau eiga skilið.

TAR:

si Dillon í Dodge n Ripley!

margvisleg efni og styrki til vísindarannsókna. Geta má þess að á síðasta ári heim-sóttu 15 milljón gestir söfn stofnunarinnar í Washington.

Hér mun dr. Ripley og kona hans dvelja fram á mánudag. Í kvöld heldur hann fyrir-lestur á árshátíð Íslenzk-ameríska félagsins. Þá mun hann ferðast eitthvað um landið og rannsaka fulgalif eftir því sem tími vinnst til, og fara til Surtseyjar. Hann sagði á fyrrgreindum blaðamanna-fundi að Surtsey væri einstakt vísindalegt rannsóknar-efni og skoðun sín væri sú að efna ætji til alþjóða samvinnu um rannsóknir þar undir forystu Íslendinga og væri trú sín að ekki mundi standa á fjármagni frá erlendum vísindastofnunum.

Eins og fyrr segir er dr. Ripley einn af stjórnendum World Wildlife Fund, en það er nokkurs konar alþjóðlegur sjóður. Sjálfur hefur hann mikinn áhuga á náttúruvernd og vinnur ötulllega að þeim málum. Stofnunin sem hann veitir forstöðu leggur mikla áherzlu á rannsóknir á sam-bandinu milli mannsins og náttúrunnar og sérstaklega með tilliti til hvernig maðurinn umbreytir náttúrunni og raskar jafnvægi hennar. Sagði dr. Ripley að Ísland væri gott dæmi um jafnvægi milli manns og náttúru.

Tíminn 7. okt.

Einn maður er eftir í Loðmundarfirði!

Nú er aðeins einn maður eftir í Loðmundarfirði, en Stakkahlíðarbændur eru fluttir til Seyðisfjarðar, og voru síðustu réttir í Loðmundarfirði, nú á dögnum.

Stakkahlíðarbændur þeir Magnús Sigurðsson og Sigurður Stefánsson fluttu til Seyðisfjarðar núna í haust, og er því Kristinn Halldórsson einn eftir í firðinum. — Kristinn er einsetumaður og býr á Sævarenda. Hann hafði á annað hundrað fjár á fóðrum í fyrravetur og verður með álíka margt í vetur.

Það er af sem áður var með byggðina í Loðmundarfirði. Þegar flest var, voru 10 bæir í firðinum, en það mun hafa verið um 1950.

Sigurður Stefánsson, sem fluttist þaðan í haust, var hreppstjóri í Loðmundarfirði, og gegndi þar flestum opinberum störfum, hann er einhleypur, en aftur á móti var Magnús Sigurðsson með fjölskyldu í Stakkahlíð.

Loðmundarfjörður er næsti fjörður norðan Seyðisfjarðar, og þótt ekki sé ýkja langt á milli fjarðanna hefur Loðmundarfjörður verið einangr-

aður vegna samgönguleysis, og er það eflaust ein aðalástæðan fyrir því að þar er nú aðeins einn maður. — Kristinn Halldórsson á Sævarendum. Kristinn ætlar að vera í Loðmundarfirði í vetur allavega, hann er á góðum aldri, og fylgja honum beztu óskir í einverunni.

Tíminn 6. okt.

Almanaksbók með íslenzku orðasafni

Offsetprent hf. hefir nú sent frá sér almanaksbók sína fyrir árið 1968, og er vel til hennar vandað.

Til dæmis hefir litlu íslenzk-ensku orðasafni verið þætt við bókina, svo að hún gegnir þar með hlutverki lítillar, handhægrar orðabókar. Er þetta 5000 orða safn, sem mörgum mun koma að góðu gagni. Þá fá þeir, sem fylgjast með heimsfréttum, þarna upplýsingar um helztu fréttastofur, sem getið er í blöðum og útvarpi daglega, og einnig er birt þýðing á útlendum skammstöfunum í verzlunarmáli, sem geta komið fleiri aðilum að góðu en þeim einum, er við kaupsýslu fást.

Loks ber Almanaksbókin þess merki, að Íslendingar taka upp hægri akstur á næsta vori. Er áminning um þetta birt á videigandi stað (í dagatali bókarinnar. —

Almanaksbókin er mjög gagnleg vegna alhliða upplýsinga, sem þar er safnað á einn stað. Kostar hún 40,00 með söluskatti.

Mgbl. 7. okt.

SKRÝTLUR

Kona ein í kaupstað úti á landi, kom til vinkonu sinnar, sem þá nýverið hafði misst mann sinn, og vildi votta henni samúð sína, en ruglaðist eitthvað í ríminu í geðshræringunni og sagði:

„Ég óska þér til lukku með líkið“.

* * *

„Þú þarft svei mér ekki að kvarta undan þessum nýju samgöngutækjum“, sagði örn við rottu. Hann hafði rekist á flugvél, og misst við það nokkrar fjaðrir.

„Heldur illa skjátlást þér þar“, svaraði rottan. „Síðan járnbrautirnar komu neðanfjarðar, sef ég ekki nokkurn dúr“.

* * *

„Ég skirði barnið í nafni föðurins og heilags anda“.

„En hvað um soninn“? spurði presturinn.

„Sonurinn“, svaraði yfirsetukonan, „hann var upp á Reykjum að sækja naut“.

FRÁ VINI

— Business and Professional Cards —

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI

Forsætir: SÉRA PHILIP M. PÉTURSSON
681 Banning Street, Winnipeg 10, Manitoba

Styrkið félagið með því að gerast meðlimir.

Ársgjald \$2.00 — Tímarit félagsins frítt

Sendist til fjármálaritara:

MR. GUDMANN LEVY,
185 Lindsay Street, Winnipeg 9, Manitoba

Phone Whitehall 3-8072
Building Mechanic's Ltd.
Painting - Decorating - Construction
Renovating - Real Estate
K. W. (BILL) JOHANNSSON
Manager
371 McDermot Ave., Winnipeg 2

A. S. BARDAL LTD.
FUNERAL HOME
843 Sherbrook Street
Selur líkkistur og annast um
útfarir. Allur útbúnaður
sá bezt.
Stofnað 1894 SPruce 4-7474

Goodman And Kojima Electric
ELECTRICAL CONTRACTORS
770 ELLICE AVE., WINNIPEG 10
774-5549
ARTHUR GOODMAN M. KOJIMA
SP 2-5561 LE 3-6433
Evenings and Holidays

SPruce 4-7855 ESTIMATES FREE
J. M. Ingimundson
Reroof, Asphalt Shingles, Roof repairs,
install vents, insulation and
eavestroughing.
SPruce 4-7855
632 Simcoe St., Winnipeg 3, Man.

Thorvaldson & Company
Barristers and Solicitors etc.
209 Bank of Nova Scotia Bldg.
Portage Ave. and Garry St.
Winnipeg 1, Manitoba.
Telephones: 942-8291-2-3-4-5.

S. A. Thorarinson
Barrister & Solicitor
2nd Floor, Crown Trust Bldg.
364 MAIN STREET,
Office Whitehall 2-7051
Residence HU 9-6488

The Business Clinic
Oscar Hjörleifson
Office at 1471 Main Street
Phone 589-5309
Bookkeeping — Income Tax

**Benjaminson
Construction Co. Ltd.**
911 Corydon Avenue
GR 5-0498
GENERAL CONTRACTORS
Residential and Commercial
E. BENJAMINSON, Manager

Off. SP 2-9509—SP 2-9500
Res. SP 4-6753
OPPOSITE MATERNITY HOSPITAL
Nell's Flower Shop
700 NOTRE DAME
Wedding Bouquets - Cut Flowers
Funeral Designs - Corsages
Bedding Plants
S. L. Stefansson—JU 6-7229
Mrs. Albert J. Johnson
ICELANDIC SPOKEN

H. J. LAWRIE LUDLOW
Barrister and Solicitor
2nd Floor, Crown Trust Bldg.
364 MAIN STREET
WINNIPEG 1, MANITOBA
Ph. WH 2-4135
At Gimli Hotel every Friday
9:30 to 12:30

Lennett Motor Service
Operated by MICKEY LENNETT
IMPERIAL ESSO PRODUCTS
Hargrave & Bannatyne
WINNIPEG 2, MAN.
PHONE Whitehall 2-8157

G. F. Jonasson, Pres. and Man. Dir.
**KEYSTONE FISHERIES
LIMITED**
Wholesale Distributors of
FRESH AND FROZEN FISH
16 Martha St. Whitehall 2-0021

Canadian Fish Producers Ltd.
J. H. PAGE, Managing Director
Wholesale Distributors of Fresh and
Frozen Fish
311 CHAMBERS STREET
Office: BUS:1
SPruce 5-0481 SPruce 2-3917

EGGERTSON & GARSON
Barristers, Solicitors & Notaries
500 Power Building
Winnipeg 1, Manitoba
Phone WH2-3149
at Municipal Office, Riverton
12 Noon to 3:00 p.m.
at Credit Union Office, Gimli
4:00 p.m. to 6:00 p.m.
First and Third Tuesday

**Investors Syndicate
of Canada, Limited**
H. Brock Smith
Manager, Winnipeg Region
280 Broadway Ave. WH 3-0361

**LATHING AND PLASTERING
CONTRACTORS**
H. Mel Sigurdson, Manager
Office and Warehouse
1212 St. Mary's Road,
Winnipeg 8.
Ph. 256-4648. Res. 452-3000

**TALLIN, KRISTJANSSON,
PARKER, MARTIN &
MERCURY**
Barristers & Solicitors
210 Osborne Street North
WINNIPEG 1, MANITOBA

The Western Paint Co. Ltd.
521 HARGRAVE ST., WINNIPEG

"THE PAINTERS
SUPPLY HOUSE"
"SINCE 1908"
WH 3-7395
J. SHIMNOWSKI, President
A. H. COTE, Treasurer

Capital Lumber Co., Ltd.
61 Higgins Avenue
Board, Ceiling Tile, Finishing Materials,
Everything in Lumber, Plywood, Wall
Insulation and Hardware
J. REIMER, Manager
WH 3-1455 Phone WH 3-1455

**Minnist
BETEL**
í erfðaskrá yðar

Bjarni Benediktsson

- 1) Stj. t: t 1966 (ásamt fyrir m. '64)
- 2) Aðpt. 1961 D, 1962 D (ásamt fm. '61)
- 3) Timarit 46-48, XVI (ásamt fm. XV)
- 4) 'Sleust Tungu, 4-6, (ásamt fm.)
- 5) Skinnir 1965-1966, (ásamt fm. '63-'64)
- 6) Sleindallur 40 ára, leður
- 7) Myklebost: Drottmen um Ameríka, leður
- 8) Eimskipafélag Sleusts 50 ára (skirting)
- 9) Eimskipaflota Thors Jensen (skirting)
- 10) Skjalval: 2 baklingar (skirting)
- 11) Teikunir: 3 baklingar (skirting)
- 12) Eimskipaflota Timarit (leður)

5/1 '67.

Stóra Bjarni Benediktss.
og fúir

Með bestu kveðju
Auspriusar og
Óttace Moller.

nnnn

zezc lra384 ffd149 x-ntr167 on628

icrk co

oslo 19 22 1921

1967 II 22 18:23

etat

statsminister bjarni benediktsson reykjavik

jeg takker statsministeren og islands regjering for de varme
oensker paa min foedselsadag

harald

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Ebl. 1. d.

FORSÆTISRÁÐHERRA
BJARNI BENEDIKTSSON REYKJAVÍK =

Móttækla

1967 VI 13 09:37

Athugasemdir:

12

LANDSSÍMI  ÍSLANDS


Símanúmer ritsímans:

16411 Varðstjórinn, fyrirspurnum
um símskeyti svarað.

Símanúmer ritsímans:

06 Tekið á móti símskeytum.
22079 Skeytaútsending.

AKUREYRI 12/538 22/21 13 0930 =

Mótt. af

Jmkh

EINLÆGAR HAMINGJUOSKIR MED SIGURINN OG PINN GLÆSILEGA AÐRANGUR FYRIR MIKID
ERFIDI BEZTU KVEDJUR = BERGÞÓRA OG MARIUS HELGASON -

COLL NIL

FORSÆTISRÁÐHERRA

F
Z

Reykjavík, den 4. april 1967.

Kære Pastor Tulinus:

Jeg har lige modtaget fra Dem Præsteforeningens Blad af 17. marts med Deres interessante artikel om begivenheder indenfor den islandske kirke i løbet af året 1966, som jeg læste med den største glæde.

I denne forbindelse vil jeg få bruge lejligheden til at yde mine tak til Dem for den store interesse De har altid bevist overfor den islandske kirke og islandske anliggender i det hele taget.

Deres hengivne,

Þjarni Benediktsson

Sognepræst Finn Tulinus,
Gersonsvej 26,
Hellerup,
DANMARK.

E

11207- 55 ave.
Edmonton, Alberta
March 2nd, 1967

Dr. Bjarni Benediktsson
Prime Minister of Iceland
Reykjavik, Iceland

My dear Prime Minister:

Our country, Canada, will be celebrating its one hundredth birthday this year. There will be many special events such as "Expo", the World's Fair, to commemorate this very special event but there are also many projects by all Canadians.

The children at our school have chosen a project to celebrate Canada's one hundredth birthday, which we hope will involve the whole world as a participant. They have chosen to study about the countries of the world and they are endeavouring to show how the cultures and skills of these countries have helped to mould our nation.

To culimate the enterprise they will have a display of dolls showing the authentic costumes of the various countries, factual information collected by the pupils, and other planned activities.

It is the hope of the teachers that the children have a personal contact with the country they are studying about. We were wondering if we could impose on you for a special letter or card to "the Children of Edmonton" saluting Canada's birthday. How pleased and proud the children would be to have your very special letter to pin to their collection. It would make their project more meaningful and a permanent display in our school library.

We have sent letters to all the official heads of the countries of the world and we hope to have our display in early April at a "Parent's Night".

Very respectfully yours,

Yvonne Rouleau
(Mrs.) Yvonne Rouleau
St. Martin's School.

FORSÆTISRÁÐHERRA
The Prime Minister

Reykjavik, March 31st 1967.

In a letter from Mrs. Yvonne Rouleau of the St. Martin's School in Edmonton, Alberta, I am informed that the children of this school have chosen to celebrate Canada's one hundredth anniversary by studying about the countries of the world, and by endeavouring to show how the cultures and skills of these countries have helped to mould the Canadian nature.

This is a project which, indeed, seems most appropriate for such an occasion. There have always been strong ties of both kinship and friendship between the peoples of our two countries, for some of the early settlers of Canada came from Iceland, and to this very day one can hear Icelandic spoken in a number of communities in Canada, including Edmonton, as I witnessed personally when my wife and I, accompanied by our son made a brief visit to your fine community in August 1964. The splendid welcome extended to us all by the people of Edmonton remains in our memories as a most pleasant and warm-hearted experience.

It gives me a great pleasure, therefore to extend my warmest personal greetings, and those of the people of Iceland, to the Children of Edmonton, on the occasion of Canada's One Hundredth Birthday, and to wish them every success in this project, which I know will make a contribution to the establishment of better relations and more goodwill between the peoples of the world.

Sincerely,



Bjarni Benediktsson


To Mrs. Yvonne Rouleau,
St. Martin's School,
Edmonton,
Alberta, Canada.

countries have helped to mould the Canadian nature.

This is a project which, indeed, seems most appropriate for such an occasion. There have always been strong ties of both kinship and friendship between the peoples of our two countries, for some of the early settlers of Canada came from Iceland, and to this very day one can hear Icelandic spoken in a number of communities in Canada, including Edmonton, as I witnessed personally when my wife and I, accompanied by our son made a brief visit to your fine community in August 1964. The splendid welcome extended to us all by the people of Edmonton remains in our memories as a most pleasant and warm-hearted experience.

It gives me a great pleasure, therefore to extend my warmest personal greetings, and those of the people of Iceland, to the Children of Edmonton, on the occasion of Canada's One Hundredth Birthday, and to wish them every success in this project, which I know will make a contribution to the establishment of better relations and more goodwill between the peoples of the world.

Sincerely,



Bjarni Benediktsson

To Mrs. Yvonne Rouleau,
St. Martin's School,
Edmonton,
Alberta, Canada.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

F

Reykjavík, 21. febrúar 1967.

Db. 3. L. 1.
(óskast tilgreint í svari)

Utanríkisráðuneytið sendir hér með eftirtalin þingskjöl norska Stórpingsins, viðvíkjandi samningi milli norska ríkisins og Alcan og Årdal og Sunndal Verk:

1. St.meld.nr. 23 (Samarbeidsavtale)
2. St.prp.nr. 45, (1966-67)
3. Innst. S. nr. 85 (1966-67)
4. Umræður 13. desember 1966.

Skjala þessara hefur verið aflað fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í Osló.

F. h. r.
e. u.

Ólafur Egilsson.

Forsætisráðuneytið,
Reykjavík.

St. prp. nr. 45.

(1966—67)

St. prp. nr. 45.

(1966—67)

Om avtaler mellom Den norske stat, Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk og Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk.

Den norske stat, Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk har inngått avtaler om samarbeid og levering av aluminium og aluminiumlegeringer. Avtalene gjelder levering av aluminium og aluminiumlegeringer til bruk i luftfart og andre transportmidler, samt til bruk i andre industrielle og husholdningsartikler. Avtalene er inngått mellom Den norske stat, Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk, og mellom Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk. Avtalene er inngått for en periode av fem år, med mulighet for forlengelse. Avtalene gjelder levering av aluminium og aluminiumlegeringer til bruk i luftfart og andre transportmidler, samt til bruk i andre industrielle og husholdningsartikler. Avtalene er inngått mellom Den norske stat, Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk, og mellom Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk.

St. meld. nr. 23.

(1966—67)

Samarbeidsavtale mellom Den norske stat, Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk og Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk.

Tilråding fra Industridepartementet av 4. november 1966, godkjent ved Kronprinsregentens resolusjon samme dag.

(Foredratt av statsråd S. Walter Rostoft.)

Det har i flere år foregått en omfattende integrasjon innenfor den internasjonale aluminiumsindustri. Denne utvikling har bl. a. vært kjennetegnet ved at de uavhengige videreforedlere av aluminium i betydelig utstrekning er blitt ervervet av de store internasjonale aluminiumkonserner. De uavhengige videreforedlere har utgjort en betydelig del av A/S Årdal og Sunndal Verks kundekrets. I den utstrekning disse kunder er blitt integrert med de store konserner, har de gått over til å dekke sitt råmetallbehov gjennom leverandører som er tilsluttet de samme konserner. ÅSV er i dag den eneste større aluminiumproducent i den vestlige verden uten egen råstofftilgang og videreforedlingsanlegg. Dette har gjort at ASV har måttet ta sine avsetningsmuligheter på lengre sikt opp til vurdering. Med brev av 19. mars 1966 fra styret i ASV til Industridepartementet er det gitt en omfattende vurdering av stillingen, og styret anbefalte at selskapet fikk adgang til å opp- ta forhandlinger med Alcan Aluminium Limited om en samarbeidsavtale. Dette brev følger som vedlegg 1 til denne melding.

I brev av 26. mai 1966 til ASV meddelte Industriministeren at Regjeringen hadde besluttet å gi ASV's styre fullmakt til å innlede forhandlinger på visse forutsetninger. Det var forutsetningen for denne fullmakt at styret i ASV under forhandlingene i størst mulig utstrekning ville søke å sikre norske interesser.

Herunder påla Regjeringen styret bl. a. spesielt følgende:

1. Først å undersøke muligheten for å oppnå en avtale som bl. a. sikrer ASV avsetning av en rimelig del av dets produksjon men som ikke innebærer at Alcan overtar aksjer i ASV.
2. Hvis en avtale som skissert i foregående punkt, ikke kan oppnås, forsøke å utvirke en avtale som går ut på at Alcan overtar mindre enn 50 % av aksjekapitalen i ASV, fortrinnsvis 40 % eller mindre. Hvis Alcan også klart avslår å akseptere en minoritetsinteresse i ASV, vil Regjeringen under tvil godta at styret forhandler på basis av at Alcan overtar 50 % av aksjekapitalen men slik at den norske gruppe har den avgjørende stemme i styret.
3. Å forsøke å oppnå at den norske aksjegruppe har den avgjørende stemme i representantskap og generalforsamling.
4. Nøye å vurdere hva som vil være en riktig bytteverdi for ASV's aksjer. Man vil påpeke at den bokførte verdi av ASV's aktiver vil være lav, dels som følge av at aktivene er ervervet til lave priser, og dels som følge av store avskrivninger over en årrekke. Samtidig kan børskursene for Alcan's aksjer tenkes å ligge høyere enn hva som svarer til den reelle formue i selskapet. Styret må utrede disse forhold grundig.
5. Nøye å vurdere om den pris for ASV's produkter som er fastsatt i Alcan's tilbud er tilfredsstillende.
6. Påse at Staten fritt kan avsende sine aksjer i Alcan om dette skulle bli ønskelig.
7. Å søke å oppnå et mest mulig forpliktende tilsagn om at Alcans eksisterende videreforedlingsanlegg i Norge utvides og nye bygges (eventuelt i ASV's regi) så snart dette blir markedsmessig forsvarlig.

Innst. S. nr. 85.

(1966—67)

Innstilling fra den forsterkede skog-, vassdrags- og industrikomité om fullmakt for Kongen til å inngå en avtale mellom Den norske stat og Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk og til å foreta de disposisjoner som fra Den norske stats side er nødvendig for å gjennomføre avtalen.

(St. prp. nr. 45 og St. meld. nr. 23.)

Til Stortinget.

I hemmelig St. prp. nr. 45 for 1966—67 har Industridepartementet oversendt et forslag om å gi Kongen fullmakt til å inngå en avtale mellom Den norske stat og Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk om utveksling av aksjer m. v. Proposisjonen behandler dessuten et utkast til avtale mellom Alcan Aluminium Limited og A/S Årdal og Sunndal Verk om teknisk og salgsmessig samarbeid.

I en hemmelig St. meld. nr. 23 for 1966—67 har departementet oversendt en rekke dokumenter i saken.

Komitéen behandler i denne innstilling meldingen og proposisjonen under ett.

Bakgrunnen for det foreliggende forslag er den omfattende integrasjon innenfor den internasjonale aluminiumindustri som har pågått i flere år. De store internasjonale aluminiumskonserner har i stor utstrekning nå sikret seg kontroll over en vesentlig del av verdens bauxittforekomster, og de har ved utbygging av egne videreforedlingsanlegg og ved oppkjøp av uavhengige videreforedlere av aluminium, sterkt begrenset det frie marked for aluminium.

A/S Årdal og Sunndal Verk (ÅSV) som i dag er den eneste større aluminiumprodusent uten egen råstofftilgang og egne videreforedlingsanlegg, er blitt skadelidende ved denne utvikling. Ved en rekke salgsfremmende tiltak har ÅSV søkt å beholde sin nåværende kundekrets, men likevel har selskapet i de senere år mistet kunder som representerer et samlet salg på ca. 50 000 årstonn.

ÅSV har hittil sikret en ganske betydelig del av sitt salg ved langsiktige byttekontrakter hvorved aluminiumoksyd betales ved renaluminium. Dets samlede oksydbehov inklusive Sunndal III er dekket frem til 1981 med slike langsiktige byttekontrakter.

Fra høsten 1968 vil ÅSV få en vesentlig økning i det kvantum metall som selskapet har for fritt salg (ekskl. metall til betaling for oksyd m. v.). I tidsrommet 1966—70 antas

verkets produksjon og salg å ville utvikle seg som følger (tallene i tonn):

1966	169 000
1968	183 000
1970	224 000

ÅSV's ledelse har i flere år arbeidet med selskapets salgs- og forsyningspolitikk på lengre sikt. De store aluminiumselskapers integreringsbestrebelse har gjort det påkrevet for ÅSV å ta hele selskapets stilling opp til bred vurdering. I den forbindelse har styret i ÅSV inngående vurdert ulike alternative muligheter for selskapets fortsatte virksomhet.

Styret bedømmer situasjonen slik at det regner med at det frie marked for aluminium vil minske ytterligere på tross av at forbruket av aluminium må ventes å øke ganske meget i årene som kommer. Dets konklusjon er at det kan bli meget vanskelig for selskapet å få avsatt hele det salgskvantum av renaluminium som verket har kapasitet til fra høsten 1968. Styret uttaler at en slik utvikling vil kunne true beskjeftigelsen og inntektsgrunnlaget i Årdal og på Sunndalsøra.

Det er videre styrets oppfatning at ÅSV's langsiktige omsetningsproblem ikke kan løses ved at ÅSV går inn for videreforedling i egen regi, det være seg i Norge eller på utenlandske markeder. Det vises til at markedet for aluminiumhalvfabrikata for tiden er preget av betydelig overkapasitet og en meget hard konkurranse. Med de nåværende toll- og handelspolitiske forhold i Vest-Europa og med de vanskelige markedsforhold for aluminiumhalvfabrikata, har ÅSV ikke funnet at et nytt halvfabrikatverk vil være et konkurransedyktig foretak. Selskapet har heller ikke funnet at det er noen løsning på dets salgspolitiske problem på lengre sikt at det engasjerer seg i et utenlandsk videreforedlingsanlegg. Et slikt alternativ vil medføre store investeringer i utlandet.

Ved flere konferanser og brev i løpet av det siste år har ÅSV overfor Industridepar-

Møte for lukkede dører

tirsdag den 13. desember kl. 9.

President: **L a n g h e l l e.**

Til behandling forelå:

Innstilling fra den forsterkede skog-, vassdrags- og industrikomite om fullmakt for Kongen til å inngå en avtale mellom Den norske stat og Alcan Aluminium Limited og A/S Ardal og Sundal Verk og til å foreta de disposisjoner som fra Den norske stats side er nødvendige for å gjennomføre avtalen (Innst. S. nr. 85, jfr. St.prp. nr. 45 og St.meld. nr. 23).

Asbjørn Holm: Som det vil gå fram av siste ledd i min fraksjonsmerknad, har jeg etter nøye overveielse av de rent forretningsmessige hensyn, og da sammenholdt med de store nasjonale interesser denne saken gjelder, funnet å måtte uttale at det ikke kan være tilbørlig eller ha holdbart rettsgrunnlag å avgjøre denne saken i hemmelighet. I tilknytning til dette må jeg også dypt beklage at Regjeringen ved oversendelse av disse dokumenter fant å måtte hemmeligstemple saken.

Denne beklagelse bygger jeg på at Stortinget her har fått seg forelagt til avgjørelse et spørsmål som angår hele nasjonens interesser, en avgjørelse som berører våre viktigste og mest lønnsomme statsbedrifter, hvor samfunnet har investert meget betydelige beløp. Dette skulle etter min oppfatning betinge at avgjørelsen ikke ble tatt før det hadde funnet sted en brei offentlig debatt om saken. En slik forutgående brei debatt ville ha vært best i samsvar med de demokratiske prinsipper som vi bygger på. Og nettopp denne saken, hvor avgjørelsen — enten den går den ene eller den andre veien — utvilsomt vil komme til å koste oss noe, er etter min oppfatning et eksempel på en sak hvor offentligheten burde trekkes inn.

Som sagt har jeg etter nøye overveielse funnet at de nasjonale interesser i saken må veie tyngre enn de hensyn Regjeringen har funnet å ville legge vekt på. Jeg kan ikke med min beste vilje skjønne at det skulle være vanskelig å behandle denne saken uten hemmeligholdelse. Jeg skulle anta at det er en kjent sak på verdensmarkedet at de store truster — i dette tilfelle aluminiumstrusten — gjør det på denne måten når de skal utvide og befeste sin innflytelse. Denne saken skulle da vel ikke røpe noen hemmelighet i så måte.

Når det så gjelder regnskaper og produksjonstall, ville det ikke være noen vanskelighet

å holde dem utenfor de dokumentene som er tilgjengelige. I den sak vi nå skal behandle, er det ingen produksjonshemmeligheter som berøres. Det er så vidt jeg kan forstå, mot den bakgrunn jeg har nevnt, verken tilbørlig eller holdbart å avgjøre denne saken i hemmelighet, og jeg vil derfor tillate meg å fremme følgende forslag:

«Stortinget finner ikke å ville behandle St.meld. nr. 23 og St.prp. nr. 45 i hemmelig møte.»

I n g v a l d s e n hadde her overtatt presidentplassen.

Presidenten: Hr. Asbjørn Holm har tatt opp det forslag som han selv har referert.

Statsråd Røstoft: Jeg kan selvfølgelig godt forstå representanten Holm, det er ikke det. Men St.meld. nr. 23 innleder med å si at den «inneholder særdeles viktige forretningshemmeligheter. Det kan derfor medføre ubotelig skade for de selskaper det gjelder om uvedkommende på noen måte skulle få kjennskap til saken eller til noen av de detaljopplysninger som er oppgitt til støtte for vurdering og avgjørelse av saken.»

Regjeringen har derfor funnet at denne saken måtte fremmes, og at den må behandles som hemmelig sak.

Finn Gustavsen: Jeg må si at jeg hadde ventet en langt mer utførlig begrunnelse både fra Regjeringen og fra komiteen for at dette møte holdes hemmelig, for at saken har hvilt i all hemmelighet, for at denne saken skal behandles bak det norske folks rygg, uten den offentlige debatt som burde være en selvfølge i et demokratisk samfunn. Når så viktige og store nasjonale interesser står på spill som i dette tilfelle, da er det etter mitt syn altfor lettvent av en regjering å si at her er det mange forretningshemmeligheter, her er det detaljopplysninger som ikke må komme uvedkommende for øre. Vi har ofte hatt saker i denne sal der det har vært med i bildet forretningshemmeligheter og andre faktorer som har vært hemmeligholdt, og som bare representantene i Stortinget har visst om. Men vi har likevel kunne behandle slike saker i åpne møter. Det er ingen sak for Stortinget og for Regjeringen å holde de dokumenter for seg selv som er av en slik karakter at offentligheten ikke bør få kjennskap til dem. Det vet enhver representant i denne sal.

Når man snakker om at det er viktige forretningsinteresser, er det selvfølgelig et viktig